

PALLAHREINSIR

PALLAHREINSIR er vatnsþynnt lútarkennt hreinsiefni sem leysir upp gamla pallaolíu og nýtist vel ef lagfæra á flekkóttan pall eða til að skipta um lit.

PALLAHREINSIR er ætlaður á viðarpalla utanhúss. Efnið er ekki ætlað á HARÐVIÐ. Efnið er ætandi og getur m.a. skemmt gler, léttmálma og gróður.



PALLAHREINSIR fjarlægir gamla pallaolíu, fitu og önnur óhreinindi.

Undirbúningur:

Fjarlægjið alla lausamuni af pallinum og sópið ryki og öðrum óhreinindum af pallinum. Notið plastyfirbreiðslu til að verja gróður, veggj og aðra fleti sem ekki mega verða fyrir áhrifum efnisins.

Efnismeðferð:

1. Berið PALLAHREINSI óþynntan á með pensli, rúllu eða sprautu. Látið virkar í 15-30 mínútur. Haldið pallinum blautum með PALLAHREINSI.

2. Burstið pallinn með stífum bursta þangað til að búið er að losa upp gömlu olíuna. Skolið svo með miklu köldu vatni.

Fyrir palla með þykku lagi af viðarvörn getur þurft að endurtaka þvottinn.

3. Mælt er með VIÐARSKOLA ef fjarlægja á viðargráma og lýsa viðinn.

4. Þegar að pallurinn er þurr (rakastig undir 18%); slípið létt með sandpappír; sópið sag í burtu og olíuberið með KJÖRVARA 12/22 PALLAOLÍU.

Þynnir og hreinsun áhalda:

Vatn eða sápuvatn til þvottar.

Eðlismassi:

Um 1,0 g/ml (25°C).

Efnisnotkun:

Um 0,2 l/m² í umferð.

Athugasemdir:

- Efnið óvirkjast við þynningu með vatni, t.d. við þvott með háþrýstidælu.
- Forðist að nota efnið í beinni sól eða sterkum vindi.
- Geymið í lokuðum umbúðum á þurrum og svölum stað. Má ekki frjósa.

EFNIÐ ER ÆTANDI! NOTIÐ ÁVALLT HLÍFÐARGLERAUGU, HANSKA OG ANNAN HLÍFÐARFATNAÐ

